

**182. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fjarfundi,  
þriðjudaginn 4. janúar 2022 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Íris Guðrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Guðrún Sigvaldadóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Vera Knútsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Dagný Hauksdóttir verkefnastjóri, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

Undir lið 1 sátu eftirfarandi aðilar fundinn:

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss og umsýjónarmaður fasteigna.

Áheyrnarfulltrúar leikskólanna:

Íris Guðrún Sigurðardóttir leikskólastjóri og Guðrún Sigvaldadóttir.

Einnig sat Ingunn Ríkharðsdóttir leikskólastjóri Garðasels fundinn undir þessum lið.

**1. 2008156 - Leikskóli Skógarhverfi, Asparskógar 25**

Kynning á stöðu framkvæmda við byggingu nýs leikskóla.

*Skóla- og frístundaráð þakkar fulltrúum skipulags- og umhverfissviðs, Sigurði Páli Harðarsyni og Alfreð Þór Alfreðssyni fyrir kynninguna.*

Eftirfarandi aðilar yfirgefa fundinn: Sigurður Páll, Alfreð Þór og Ingunn.

Stjórnendur leikskólans Akrasels taka sæti á fundinum:

Anney Ágústsdóttir leikskólastjóri og Guðrún Bragadóttir aðstoðarleikskólastjóri.

Vera Knútsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

**2. 2112131 - Akrasel - ytra mat**

Kynning á matsskýrslu Menntamálastofnunar þar sem fjallað um ytra mat á

leikskólanum Akraseli á Akranesi. Matið er gert á grundvelli

17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Guðrúnu

Samúelsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi 13.-17.

september 2021. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru

fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og

menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl,

skólaþjónusta og sérkennsla og innra mat.

*Skóla- og frístundaráð þakkar stjórnendum Akrasels fyrir kynninguna á Ytra mati Menntamálastofnunar á starfi leikskólans og óskar starfsmönnum leikskólans til hamingju með góða niðurstöðu í úttektinni.*

Allir áheyrnarfulltrúar víkja af fundi.

**3. 2103323 - Grundaskóli - uppbygging**

Erindisbréf starfshóps sem fylgir eftir framkvæmdunum við endurbætur á Grundaskóla, lagt fram til afgreiðslu.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir erindisbréf vegna starfshóps sem fylgir eftir endurbótum á Grundaskóla.*

#### **4. 2112015 - Einelti og samskipti**

Á 179. fundi sínum þann 7. desember samþykkti skóla- og frístundaráð að stofna starfshóp sem hefur það hlutverk að rýna í styrkleika og tækifæri til umbóta innan skóla- og frístundastarfs varðandi samskipti og einelti. Endurskoða verklag og verkferla og nýta til þess færustu sérfræðinga í málefnum. Markmið með verkefnum er að allar stofnanir okkar búi áfram yfir öflugum viðbragðsáætlunum og verkfærum til þess að styrkja félagsfærni barna og ungmenna og tryggja sé að þverfaglegt samstarf sé innan samfélagsins til þess að ná þessum árangri. Drög að erindisbréfi lagt fram til umræðu.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir að gengið verði frá þeim drögum að erindisbréfi sem lögð voru fyrir fundinn.*

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum með rafrænum hætti: BD, RBS, SMS, DH, VJ.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30.**